**Nd. 790. Þingsályktun**

um fóðurrannsóknir.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning til framkvæmda vísindalegum rannsóknum á því, hvaða fóðurefni sé heppilegast að nota til gripa- og alifuglaræktar hér á landi. Skal stjórninni heimilt að verja allt að 10000 kr. úr ríkissjóði til nauðsynlegra útgjalda vegna þessa undirbúnings.